

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

734. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 23. janúar 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Byggðasafn/Sigríður Hjaltadóttir/Sigríður Bachmann
2. Forstöðumaður tæknideildar v/hitaveitu.
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi
4. Bréf Karls Örvarssonar og Halldóru Árnadóttur.
5. Bréf Ferðamálafélags Húnaþingi vestra.
6. Bréf Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytisins..
7. Bréf Óbyggðanefndar.
8. Bréf Siglingastofnunar.
9. Bréf Bandalags íslenskra skáta.
10. Ársskýrsla bóka-og skjalasafns og fjarnámsstofu 2011.
11. Bréf Vinnueftirlitsins.
12. Opnunartími Lyfju ehf. á Hvammstanga.
13. Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Sigríður Hjaltadóttir og Sigríður Bachmann eru mættar til fundar við byggðarráð til að ræða um málefni Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.
2. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til fundar við byggðarráð. Lögð fram tillaga að reglum Hitaveitu Húnaþings vestra um ráðstöfun niðurgreiðslna vegna nýrra hitaveitna í dreifbýli í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu.
3. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 6. janúar s.l. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Félagsheimilisins Hvammstanga um endurnýjun rekstrarleyfis samkvæmt lögum nr.85/2007 um veitinga-og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka samkomusal í flokki I yfir veitingastaði. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
4. Lagt fram bréf Karls B. Örvarssonar og Halldóru Árnadóttur dags. 17. janúar s.l. um ástand netsambands á Reykjatanga. Sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.
5. Lagt fram bréf Ferðamálafélags Húnaþingi vestra dags 16. janúar s.l. þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni einn fulltrúa í stýrihóp átaksverkefnis til eflingar ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Þorbjörgu Ingu Ásbjarnardóttur.
6. Lagt fram bréf Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins dags. 15. desember s.l. þar sem óskað er eftir umsögn/samþykki hreppsnefndar Bæjarhrepps vegna fyrirhugaðra landskipta á áður óútskiptri 13,8 hektara spildu sem er þéttbýliskjarninn á Borðeyri út úr jörðinni Borðeyrarbær landnúmer 142178. Byggðarráð samþykkir framangreind landskipti.
7. Lagt fram til kynningar bréf Óbyggðanefndar dags. 18. janúar s.l. þar sem fjallað er um frest fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum og hlutverk óbyggðanefndar.
8. Lagt fram til kynningar bréf Siglingastofnunar, yfirlitsskýrsla um sjóvarnir.

9. Lagt fram erindi Bandalags íslenskra skáta dags. 16. janúar s.l. þar sem lögð er fram ósk um styrk vegna verkefnisins „Góðverkadagar 2012“. Erindinu vísað til skoðunar Fræðslu-og félagsmálastjóra.
10. Lögð fram til kynningar ársskýrsla bóka-og skjalasafns og fjarnámsstofu árið 2011.
11. Lagt fram erindi Vinnueftirlitsins vegna endurbóta á húsnæði grunnskólans á Borðeyri vegna aðgengis fatlaðra. Forstöðumanni tæknideildar falið að svara erindinu.
12. Opnunartími Lyfju ehf. á Hvammstanga. Borist hafa kvartanir frá íbúum í Húnaþingi vestra um stuttan opnunartíma lyfjaverslunar Lyfju ehf. á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að senda erindi til Lyfju ehf. og óska eftir lengri opnunartíma.
13. Lögð fram til kynningar drög að Samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss í Húnaþingi vestra.

Samþykkt að taka á dagskrá.

14. Reglur um afgreiðslu frístundakorta. Lögð fram tillaga að breytingu á framkvæmd greiðslna frístundakortsins. Byggðarráð samþykkir tillöguna.
15. Lögð fram til kynningar fjárhagsáætlun 2012 ásamt þriggja ára áætlun fyrir aðalsjóð og undirfyrirtæki Húnaþings vestra.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:40

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Áheymarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson